

# HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2022



Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2022 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 26. ágúst 2022.

## Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2022 var 157 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2021 upp á 429 m.kr.

EBITDA lækkar um 0,4%, var á fyrri helmingi ársins 2022 1.534 m.kr. (36,3%) á móti 1.541 m.kr. (38,2%) á sama tímabili árið 2021.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2021 er 42,1% en var 47,2% á sama tíma 2021.

Veltufjárlutfall var 0,74 þann 30. júní 2022 samanborið við 1,36 í lok sama tímabils 2021.

Hluthafar félagsins eru þrír:

Reykjanesbær	50,10%	
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%	b
Suðurnesjabær	0,10%	

## Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2022 nam 157 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2021 upp á 429 m.kr. Þetta er minnkun hagnaðar upp á 273 m.kr. sem skýrist aðallega með hækkun verðbóta upp á 326 m.kr.

Tekjur hækkuðu um 4,9% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2022, 4.227 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.270 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.359 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 410 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 188 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2021 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 4.028 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.072 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.284 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 381 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 291 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 6,2% á milli ára og nam 2.796 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2022 (66,1% m.v. tekjur) á móti 2.632 m.kr. á sama tímabili 2021 (65,3% m.v. tekjur). Kaup á heitu og köldu vatni, raforku og raforkuflutningi hækka í heild um 70 m.kr. (7,33%) en rekstur megindeilda hækkar samtals um 58 m.kr. (5,98%) á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 53 m.kr. milli tímabila, var 439 m.kr. á fyrri helmingi 2022 og 386 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2021.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 840 m.kr. fyrir hluta ársins 2022 en voru neikvæð upp á 528 m.kr. á sama tímabili 2021, eða alls hækkun á milli ára um 313 m.kr. Fjármunatekjur hækka úr 14 m.kr. árið 2021 í 26 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2022, vaxtagjöld hækka úr 236 m.kr. í 238 m.kr. og verðbætur hækka úr 305 m.kr. í 628 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur var neikvæður um 6 m.kr. fyrir fyrri hluta 2022 á móti 53 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2021 og er ástæðan fyrir neikvæðum tekjuskatti m.a. sú að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2022 er 1.534 m.kr. (36,3%) á móti EBITDA 1.541 m.kr. (38,2%) fyrir sama tímabil árið 2021.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2022 bókfærðar á 31.500 m.kr. og hækkuðu um 417 m.kr. frá ársbyrjun og um 998 m.kr. frá sama tíma árið 2021. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2022 námu alls um 696 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 425 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 103 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 45 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 106 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: Fjárfestingar í fastafjármunum 771 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 574 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 128 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 39 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 30 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru engar á móti 12 m.kr. árið áður og seldar eignir voru 14 m.kr. á móti 1 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 13.273 m.kr. þann 30. júní 2022 (eiginfjárlutfall 42,1%) en eigið fé í ársbyrjun var 14.916 m.kr. (eiginfjárlutfall 48%) og 14.397 m.kr. (47,2%) á sama tíma 2021. Aðalfundur samþykkti í mars s.l. að keypt yrðu eigin bréf fyrir 1.800 milljónir króna og hefur það verið bókfært í efnahagsreikningi en greiðslur hafa enn ekki átt sér stað.

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2022 er sterk og horfur um rekstur þess góðar þrátt fyrir ört vaxandi verðbólgu sem alltaf hefur umtalsverð áhrif, sérstaklega til skemmri tíma lítið því breytingar á gjaldskrá eru alltaf nokkuð á eftir. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og áhersla lögð á að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 frá 1. janúar 2019. IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en hingað til hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Suðurnesjum síðustu tvö ár. Þessar náttúruhamfarir eru ekki taldar ógna veitukerfum HS Veitna með beinum hætti. Aðal áhættan er ef eitthvað kemur fyrir Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni á svæðinu og eru stjórnvöld, sveitarfélög á Suðurnesjum og aðrir hagsmunadilar að skoða til hvaða mótaðgerða er unnt að grípa.

Horfur um rekstur fyrirtækisins eru góðar þrátt fyrir ört vaxandi verðbólgu og óvissu m.a. vegna mikils umróts á á heimsmörkuðum. Áhrifin hafa verið verðhækkunar og lengri afhendingartími en þess er vænst að þetta gangi til baka að hluta a.m.k. á næstu mánuðum. Aukin verðbólga hefur hinsvegar alltaf umtalsverð áhrif, sérstaklega til skemmri tíma lítið því breytingar á gjaldskrá eru alltaf nokkuð á eftir.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2022		01.01 - 30.06. 2021		Breyting milli ára
		%		%	
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Rekstrartekjur	4.227.314	100,0%	4.027.977	100,0%	4,9%
Kostnaðarverð sölu	( 2.796.345 )	( 66,1% )	( 2.631.942 )	( 65,3% )	6,2%
<b>Vergur hagnaður</b>	1.430.969	33,9%	1.396.035	34,7%	2,5%
Annar rekstrarkostnaður	( 439.417 )	( 10,4% )	( 386.317 )	( 9,6% )	13,7%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	991.552	23,5%	1.009.718	25,1%	( 1,8% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 840.430 )	( 19,9% )	( 527.516 )	( 13,1% )	59,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	151.122	3,6%	482.202	12,0%	( 68,7% )
Tekjuskattur	5.724	0,1%	( 52.840 )	( 1,3% )	( 110,8% )
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	156.846	3,7%	429.362	10,7%	( 63,5% )
	<b>30.6.2022</b>		<b>31.12.2021</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Fastafjármunir	28.769.396	91,3%	28.604.561	92,0%	0,6%
Veltufjármunir	2.731.095	8,7%	2.478.924	8,0%	10,2%
<b>Eignir samtals</b>	<b>31.500.491</b>	100,0%	<b>31.083.485</b>	100,0%	1,3%
Eigið fé	13.273.273	42,1%	14.916.426	48,0%	( 11,0% )
Langtímaskuldir	14.526.128	46,1%	14.349.668	46,2%	1,2%
Skammtímaskuldir	3.701.090	11,7%	1.817.392	5,8%	103,6%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>31.500.491</b>	100,0%	<b>31.083.485</b>	100,0%	1,3%
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA	1.533.891	36,3%	1.540.683	38,2%	( 0,4% )
Veltufjárhlutfall	0,74		1,36		( 45,9% )
Eignarfjárhlutfall	42,1%		48,0%		( 12,2% )

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.